



Sumarið hjá meistaraflokki karla í fótbolta var vægast sagt frábært. Strákarnir voru nýliðar í 1. deild eftir að hafa lent í 2. sæti í 2. deild karla í fyrra en enduðu í 1. sæti Inkasso-deildarinnar, sem er ótrúlegur árangur.

Fyrir lokaleikinn var staðan æsispennandi í deildinni og strákarnir þurftu sigur eða jafntefli til að komast upp í Pepsi Max deildina. Grótta vann sannfærandi 4-0 sigur gegn Haukum. Fjöltnir tapaði fyrir Keflavík á sama tíma sem leiddi til þess að strákarnir enduðu sem sigurveggar Inkasso-deildarinnar með 43 stig. Fyrir sumarið hafði Grótta fengið mest 20 stig í 1. deild karla, en það var árið 2011. Uppskera þrotlausrar vinnu hjá leikmönnum og þjálfurum skilaði sér svo sannarlega. Stuðningsmenn liðsins hafa verið frábærir í allt sumar og fylgt liðinu milli landshluta. Stúkan var vægast sagt troðfull þann 21. september þegar strákarnir unnu deildina, og stemningin frábær. Við hlökkum til næsta sumars - sjáumst í Pepsi Max deildinni að ári.

Haga
vagninn

- Hofsvallagata 52 -



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Nesið og Strætó

Seltjarnarnesbær hefur sett fram óskir um að íbúar leggi fram hugmyndir eða tillögur um leiðakerfi strætisvagna til og frá bænum. Markmiðið með þessu er að fá fram áhuga og hugmyndir íbúanna og á hvern hátt megi koma til móts við þær.

Áður var minni umferð og umræðan um mengun og Akolefnisspor ekki náð hæðum. Byggð hefur nú orðið fjölbreyttari og sumt yngra fólk er áhugasamara um að nota kosti almenningssamgang en það sem eldra er.

Seltjarnarnes getur ekki staðið á hliðarlínu þegar um þjónustu almenningssamganga er að ræða. Seltirningar eiga rétt á henni. Það getur skapað þægindi að nýta almenningssamgöngur til og frá vinnu þótt fólk eigi bíla og noti þá til annarra ferða.

Ástæða er til að hvetja bæjarbúa að fara inn á <https://www.straeto.is/is/nytt-leid...> og benda á það sem þeir vilja láta gera.

Gróttu í efstu deild

Ástæða er til að óska Gróttu til hamingju þegar meistaraflokkur Karla varð sigurvegari í næst efstu deild fótboltans og vann sér þar með keppnisrétt í efstu deild að ári. Fótboltinn hefur átt góðu gengi að fagna á Seltjarnarnesi að undanförunu og nú bíður enn stærra verkefni strákanna að keppa við þá bestu.

Mikil ánægja með íþróttamiðstöðina



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Guðjón Rúnarsson formaður fimleikadeildar Gróttu og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ásamt iðkenda hjá fimleikadeild Gróttu.

Mikil ánægja ríkir með endurbætur íþróttamiðstöðvarinnar á Seltjarnarnesi og nýja aðstöðu til fimleika sem er öll hin fullkornasta sem og vel heppnað samstarfsverkefni Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkurborgar. Nýtt fimleikahús Gróttu og endurbætt íþróttamiðstöð Seltjarnarness var formlega opnuð 14. september sl. Húsið er samstarfsverkefni Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkurborgar.

Margt var um manninn á opunarathöfninni í íþróttamiðstöðinni. Formleg dagskrá fór fram í fimleikasalnum þar sem að hápunkturinn var glæsileg sýning fimleikabarna í Gróttu á öllum aldri undir stjórn Berglindar Pétursdóttur og fleiri þjálfara. Fimleikasýningin sýndi svo ekki var um villst hvað þetta nýja, glæsilega og fullkomna fimleikahús hefur upp á að bjóða fyrir iðkendur. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri flutti hátíðarávarp ásamt Ásgerði Halldórsdóttur, bæjarstjóra á Seltjarnarnesi og Guðjóni Rúnarssyni formanni fimleikadeildar Gróttu.

Í árslok 2016 undirrituðu þau Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri samstarfssamning á milli Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkurborgar um að standa sameiginlega að stækkun íþróttamiðstöðu Gróttu til að bæta aðstöðu til fimleikaiðkunar. Samstarfssamningur Seltjarnarnesbæjar og Reykjavíkurborgar fól í sér að sveitarfélögin tvö myndu standa sameiginlega að rekstri fimleikadeildar Gróttu og mun Reykjavíkurborg greiða leigu á fimleikaaðstöðunni fyrir iðkendur sem búsettir eru í Reykjavík en um 80% iðkenda búa í Reykjavík. Leigusamningurinn er til 20 ára með ákvæði um framlengingu á fimm ára fresti.



Aðstaðan er hin glæsilegasta.

 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

DAGSKRÁ NÓVEMBER 2019

MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS 2019 1. – 3. nóvember



31.11.19 - 03.11.19

MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS



Viðburðir og sýningar á bókasafninu
í tilefni Menningarhátíðar

NÝ SÝN – grafík og málverk, sýning Kristínar Pálmadóttur í Gallerí Gróttu
Útskornir leiðtogar – Sýning á stytum úr safni Gunnlaugs A. Jónssonar
Ferill Þórarins Eldjárns rithöfundar - Örsýning á bókasafninu
Listamenn leikskólans – Myndlistarsýning leikskólabarna
Ómar Orðabelgur – leiksýning fyrir börn
Hrekkjavökuföndur

Öll dagskrá menningarhátíðar
er kynnt á fésbókar- og heimasíðu
Seltjarnarnesbæjar.

4. nóvember kl. 20.00

SelGARNanes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrðir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum. Nánar á FB-síðu hópsins: [SelGARNanes og nágrenni](#)



5. nóvember kl. 19.30

BÓKMENNTAKVÖLD MEÐ SÓLVEIGU PÁLSDÓTTUR

Sólveig Pálsdóttir rithöfundur og bæjarlistamaður les upp úr og fjallar um nýútkomna bók sína **Fjötrar**.



6. nóvember kl. 17.30 – 18.00

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan **Greppikló** í þýðingu **Þórarins Eldjárns**.

Höfundar: **Julía Donaldson**
/ **Axel Scheffler**



14. nóvember kl. 17.30

TÓNSTAFIR

Í tilefni stórafmælis **Jóhanns Helgasonar** munu nokkrir nemendur og kennarar Tónlistarskólans halda tónleika honum til heiðurs. Á dagskránni verða eingöngu lög eftir Jóhann m.a. **Söknuður**, **Ástarsorg** og **Seinna meir**. Jóhann mun heiðra okkur með nærveru sinni. Allir velkomnir!



16. nóvember kl. 11 – 12

Lesið fyrir hund – Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi



Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti.



Skráning á sigrídur.gunnarsdóttir@seltjarnarnes.is

20. nóvember kl. 20.00 RITHÖFUNDAKVÖLD

Fram koma: **Pétur Gunnarsson** með bók sína **HKL ástarsaga**, **Ragnar Jónasson** með **Hvítidauði**, **Sjón** með bók sína **Korngult hár, grá augu** og **Steinunn Sigurðardóttir** með ljóðabók sína **Dimmumót**.



Marianna Clara Lúthersdóttir stýrir umræðum.

28. nóvember kl. 17.00

SÝNINGAROPNUN í Gallerí Gróttu

Katrín Matthíasdóttir
opnar myndlistarsýningu.



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Opnunartími: Mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17. Lau. 11-14.

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Umhverfisviðurkenningar 2019

Miðvikudaginn 16. október s.l. veitti Umhverfisnefnd Seltjarnarness fjórar umhverfisviðurkenningar. Að þessu sinni voru veittar viðurkenningar fyrir garð ársins, tré ársins, endurbætur á lóð og endurbætur á eldra húsnæði.



Garður ársins var valinn Fornaströnd 10. Eigendur hans eru Ása K. Oddsdóttir og Þorkell Bjarnason.



Viðurkenning fyrir endurbætur á lóð við Melabraut 31. Eigendur eru Elín Soffía Ólafsdóttir og Gylfi Magnússon.



Tré ársins er glæsilegur hlynur sem stendur í bakgarði við Tjarnarmýri 17. Eigendur eru Margrét Sveinsdóttir og Óli Björn Kárasón.



Viðurkenning fyrir endurbætur á eldra húsnæði fékk húsfélagið að Eiðistorgi 1-9.





31.10.19 -03.11.19
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS

Upplifðu afar fjölbreytta viðburði og sýningar á menningarhátíð Seltjarnarness. Nákvæm dagskrá er kynnt á fésbókar- og heimasíðu Seltjarnarnesbæjar og í bæklingi sem borinn verður í hvert hús á næstu dögum.

Taktu þátt í menningu og mannlífi víðs vegar um Seltjarnarnes á menningarhátíðinni dagana **31. október til 3. nóvember 2019**.



SELTJARNARNESBÆR

Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2020

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi eða rökstuddum ábendingum um hver hljóta skuli nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2020**.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Umsækjendur og þeir sem senda inn ábendingar eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is. Umsóknir og tilnefningar þurfa að vera rökstuddar. Listamenn láti ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil sinn fylgja sem og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað fyrir **24. nóvember** n.k. í gegnum heimasíðu bæjarins (umsóknir/eyðublöð), með tölvupósti á netfangið maria.b.oskarsdottir@seltjarnarnes.is eða bréfleiðis á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „**Bæjarlistamaður 2020**“.

Menningarnefnd Seltjarnarness



www.seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR

Seltirningar hvattir til að koma með ábendingar um leiðakerfi Strætó

Seltjarnarnesbær hvetur Seltirninga eindregið til að koma með ábendingar varðandi leiðakerfi Strætó til og frá Seltjarnarnesi.

Nýtt leiðanet Strætó er nú í mótun í tengslum við breytingar í samgöngu- og skipulagsmálum höfuðborgarsvæðisins. Almennungur er hvattur til að taka þátt í mótuninni. Á heimasíðu Strætó eru allar nánari upplýsingar, kort með fyrstu hugmyndum að nýju leiðaneti og hvernig hægt er að koma ábendingum á framfæri. Slóðin er <https://www.straeto.is/is/nytt-leid...>



Um grafalvarlega hrekki er að ræða

Tilvik hafa komið upp á Seltjarnarnesi þar sem losað hefur verið um festingar á framdekkjum á reiðhjólum barna. Ein stúlka flaug af hjóli sínu fyrir skömmu vega þess að framdekkið losnaði frá hjólinu. Stúlkna slapp nokkuð vel frá atvikinu. Hún hlaut skrámur og varð miður sín vegna þeirrar hættu sem hún varð fyrir.

Mikil hætta getur orðið af því ef framdekk eru losuð undan reiðhjólum án þess að neinn viti og síðan er farið að hjóla. Talið er að fleiri atvik hafi orðið án þess þá alvarleg slys hafi hlotist af en óvíst er um fjölda þeirra. Það eru aðallega krakkar sem eru að gera þetta en varla er hægt að kenna óvitaskap um. Því er mikilvægt að foreldrar ræði þetta við börn sín og bendi þeim á hvaða hættu þetta getur haft í för með sér. Varanlegir skaðar geta orðið af því að detta af reiðhjóli. Einnig þarf að brýna fyrir börnum að athuga hvort átt hafi verið festingar á dekkum reiðhjóla þeirra. Verði vart við fleiri atvik af þessu tagi mun málið verða tekið til athugunar og umræðu í Grunnskóla Seltjarnarness.

Reikningar vegna hitaveitunotkunar

Í sumar eins og áður fór fram álestur á hitaveitumælum í íbúðarhúsnæði á Seltjarnarnesi. Hitaveitumælur eru staðsettir á hitaveitugrind í hverju húsi. Sameiginlegir mælur eru í fjölbýlishúsum. Því miður var brotalóm á því sl. tvö ár að tryggt væri að lesið væri af öllum mælum a.m.k. einu sinni ári.

Af því leiddi að í kjölfarið fengu allmargir háa reikninga. Í stað uppgjorsreikninga einu sinni á ári í kjölfar álesturs höfðu sumir hverjir fengið reikninga sem byggðu á áætlun um orkunotkun sem reynt er að láta endurspeglar sem best raunverulega notkun. Í kjölfar álesturs í sumar var sendur út uppgjorsreikningur til viðskiptavina. Þar kom fram raunnotkun frá síðasta álestri og þar með kom í ljós hvort viðskiptavinur átti inneign eða væri í skuld. Oft liggur skýringin á aukinni notkun og þar af leiðandi hærri reikningi en áætlun sagði til t.d. snjóbræðsla verið tekið í notkun eða heitur pottur á heimilinu, en stundum kann að vera að um bilun sé að ræða. Dæmi um þetta eru bilaðir ofnkranar eða bilun í stýribúnaði húsveitu sem veldur sírennsli vatns. Þá er mögulegt að áætlun eða álestur sé rangur. Álestur á mæla er og verður sameiginlegt áherslumál íbúa og bæjarins til þess ekki síst að forðast sveiflur í gjöldum.



Álestur framvegis tryggður

Fyrir hönd bæjarins er beðist velvirðingar á því að ekki hafi tekist að lesa af öllum mælum sl. ár. Við höfum í kjölfarið endurskoðað verkferla og gert úrbætur á ferlum vegna álestrar og innheimtu hjá hitaveitunni. Framvegis verður reynt að tryggja að lesið verði a.m.k. einu sinni á ári á hvern mæli, en það byggist á samstarfi viðskiptavina við innheimtudeildina. Vil taka fram að við höfum leitast við að auðvelda þeim sem fengu háa bakreikninga eftir því sem óskað var eftir.

Það er okkar hvatning til íbúa að hver og einn lesi af sínum mæli a.m.k. tvisvar á ári og sendi stöðuna til innheimtudeildar í gegnum m.a. „Mínar síður“ (sjá heimasíðu bæjarins) eða með tölvupósti á hitaveita@seltjarnarnes.is. Hvet ykkur einnig til að kynna ykkur efni inn á mínum sínum þar sem hægt er að sækja um ýmsa þjónustu rafrænt.

F.h. Innheimtudeildar, Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Þinn árangur

Okkar keppikefli

Fagleg og persónuleg
þjónusta á sviði fjármála
og viðskipta.

grantthornton.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Viðtal við Petreu Ingibjörgu Jónsdóttur

Nú er golfið að taka við hjá mér

„Ég er búin að búa í 44 ár á Seltjarnarnesi frá því í júlí og kann alltaf jafn vel við mig. Þegar við hjónin ákváðum að flytja heim frá Englandi var fyrsta hugsunin sú að setjast ekki að fyrir austan læk. Ég er ættuð frá Akranesi, Skagabarn og óst upp að hluta í Vesturbænum í Reykjavík. Þegar faðir minn tók sæti á alþingi fluttum við suður yfir vetrartímann en hann sat á þingi á árunum frá 1959 til 1977. Ég var þá 10 ára og gekk því í Mela-skólann. Þetta var fyrir tíma Hvalfjarðarganganna og vegurinn fyrir Hvalfjörð var oft erfiður einkum að vetrinum. Þá fóru menn ekki á milli Akraness og Reykjavíkur morgna og kvölds til vinnu eins og margir gera í dag. Sá möguleiki opnaðist ekki fyrr með með göngunum undir Hvalfjörð.“ Sú sem þetta mælir er Petrea Ingibjörg Jónsdóttir en faðir hennar var Jón Árnason alþingismaður á Akranesi. Hún spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

„Þetta varð til þess að ég eignaðist vini í Reykjavík. Ég fór í Kvennaskólann að grunnskólanum loknum. Þar eignaðist ég ágætar vinkonur. Þar var stúlka á svipuðum aldri og ég. Hún var að norðan. Valgerður Sverrisdóttir frá Lómatjörn sem síðar varð alþingismaður og ráðherra. Við náðum fljótt saman og höfum verið góðar vinkonur í meira en hálf á öld sem og Auður Björg Sigurjónsdóttir, en afi hennar var skipstjóri á Akraborginni.“ Eftir Kvennaskólann lá leið Petreu til Bretlands. „Ég fór þangað til þess að læra að verða ritari. Námið tók eitt og hálf ár og skiptist í enskunám og nám í skrifstofustörfum. Þar á meðal hraðritun. Á meðan ég var í skólanum fórum við á sýningu þar sem nýjungar í skrifstofutækni voru sýndar og kynntar. Þar mátti sjá diktafóna og vísi að tölvum. Við vorum að hugsa um hvort tæknin myndi ganga að ritarastarfinu dauðu. Okkur fannst skelfilegt að það starf sem við vorum að mennta okkur til yrði lagt niður. Engin þörf yrði fyrir ritara lengur. En annað kom á daginn.“

Aftur til Englandis

„Eftir það kom ég heim um tíma. Var hér heima í um níu mánuði. Þá var ég búin að kynnast manni sem hefur verið eiginmaður minn í um hálf á öld. Hann heitir



Fjallið og ég kallar Petrea þessa mynd. Hún var um tíma formaður slysavarnardeildarinnar og slysavarnarliturinn er ekki langt undan.

Kristinn Guðmundsson og er einnig ættaður ofan af Akranesi. Við giftum okkur og fluttumst til Englands daginn eftir. Við fórum til Leicester. Hann fór að nema textiltækni frá og í Leicester var vaggja textilmennntunar á þeim tíma. Ég var heimavinnandi fyrst um sinn og við eignuðumst fyrsta barnið okkar tæpu ári seinna. Yngri sonur okkar fæddist í Leicester en dóttir okkar eftir að við fluttumst á Seltjarnarnes. Ég starfaði hjá fataframleiðisluþyrirtæki í Leicester í nokkur ár. Kristinn starfaði í tvö ár ytra að námi loknu og þá fluttum við heim til Íslands.



Á veginum um Svalvoga. „Þarna sat ég við stýrið og ók yfir urð og grjót.“ segir Petrea.

Til að fagna þessum tímamótum fórum við nú í haust með öll börn, barnabörn og tengdabörn til Leicester alls 17 talsins. Vantaði einungis einn. Það má segja að við séum nokkuð fjölbjóðleg því fjölskyldan stendur saman af alls sex þjóðernum.“

Vildum vera vestarlega

Heimkomin fóru Petrea og Kristinn að svipast um eftir framtíðarheimili. „Við vildum vera vestarlega. Það er trúlega Skagamaðurinn í okkur. Við ákváðum fljótlega að setjast að á

Seltjarnarnesi þar sem við höfum búið síðan. Mér finnst að við höfum næstum verið kominn á æskustöðvarnar á Akranesi. Það er ýmislegt líkt með Akranesi og Seltjarnarnesi. Byggðin stendur á nesjum. Nálægðin við sjóinn og náttúruna og mannlífið er ekki ósvipað. Fólk þekkt meira en í fjölmennari byggðum. Maður er svolítið úti á landi. Við sjáum Snæfellsjökul sem er í miklu uppáhaldi hjá mér og hefur smitast til barna minna og barnabarna. Jökullinn hefur sterkt aðdráttarafl. Ég er í hópi vinkvenna sem fer alltaf í kvennagöngu á Snæfellsnes á kvennadaginn 19. júní. Við byrjuðum á þessu um svipað leyti og kvennahlaupin hófust. Fyrstu árin gistum við í tjöldum en þar sem sumar okkar eru að verða 75 ára á tjaldmennskan ekki eins vel við og áður. Við erum farnar að leigja okkur sumarþústaði til gistingar.“ Petrea er búin að ganga alla strandlengjuna á sunnanverðu Snæfellsnesi. „Ég er búin að ganga allt vestur að Hellissandi. Það er ákaflega gaman að gera þetta og Jökullinn hverfur ekki frá manni á meðan.“

Í átta ár í bæjarstjórn

Svo fyrstu að vinna hjá Sjálfstæðisflokknum. „Ég fór að vinna



Petrea og Kristinn fóru nú í haust með öll börn, barnabörn og tengdabörn til Leicester alls 17 talsins. Fjölskyldan er einnig nokkuð fjölpjóðleg og stendur saman af alls sex þjóðernum.

á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins 1982. Upphaflega ætlaði ég að fá mér sumarvinnu en það tennðist úr þessu og ég er þar enn eftir 37 ár. Ég er búinn að vinna með fimm formönnum flokksins. Geir Hallgrímsson var formaður þegar ég hóf störf og nú er ég að vinna með Bjarna. Mér hefur reynt vel að vinna með þeim öllum. Þetta voru og eru nokkuð ólíkir einstaklingar og hver hefur haft sitt göngulag ef svo má segja. Ég hef líka verið heppin með samstarfsfólk í gegnum árin.“ Svo forstu sjálf í pólitík. „Já, það gerðist árið 1986 að tveir ágætir sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi spurðu mig hvort ég vildi vera á framboðslista. Eftir umhugsun ákvað ég að slá til. Ég var varamaður í bæjarstjórninni í fjögur á og eftir kosningarnar 1990 fór ég inn í bæjarstjórnina og

var þar næstu átta árin. Þá fannst mér komið nóg af bæjarmálunum og ákvað að hætta vorið 1998.“ Þú hefur unnið náið með Sigurgeir Sigurðssyni. „Já, ég vann mikið með honum og það var sérstaklega góður skóli að kynnast honum og starfsaðferðum hans. Hann var vanur því þegar hann fór af skrifstofunni að degi loknum að aka um Nesið og fylgjast með því sem var verið að gera. Hann var með fingurinn á öllu – öllum framkvæmdum bæjarfélagsins stórum og smáum. Hann stóð líka fast við bakið á mönnum sem komu til hans með mál sem þeir höfðu sannfæringu fyrir. Mér fannst þetta vera góður eiginleiki hjá honum og gafst oft vel. Ég starfaði í íþrótt- og tómsundaráði árin sem ég var í bæjarstjórninni og átti sæti í ýmsum nefndum á

vegum bæjarfélagsins. Ég var ein af upphafsmönnum foreldraröðsins og vann að stofnun Selsins sem er tómsundaheimili unga fólksins á Nesinu. Við vorum svo heppin að fá Möggu – Margréti Sigurðardóttur til starfa. Magga í Selinu er réttur maður á réttum stað. Hún er kapituli út af fyrir sig. Ég hef líka starfað sem formaður slysavarnardeildarinnar og svo er það fótboltinn. Ég væri ekki af Skaganum ef ég hefði ekki áhuga á fótbolta. Ég hef fylgst með honum og börn og barnabörn okkar tekið þátt í honum.“

Ók Svalvogaveginn fyrir vestan

Og þá komum við að golfinu. „Nú fer að líða að því að ég hætti að vinna. Ég er farin að undirbúa

það meðal annars með því að æfa golf. Það er nú svolítið fyndið hvernig ég tengdist því í fyrstu. Kristinn maðurinn minn var að sækja um inngöngu í golfklúbbinn. Ég var ekkert á leiðinni þangað en á umsóknareyðublaðinu sem þeir sem sóttu um inngöngu þurftu að útfylla var sérstök lína fyrir nafn eiginkonu. Þannig komst ég á blaðið. En það er ekki fyrir en fyrir skömmu sem ég fór að huga að þessu af fullri alvöru þótt ég væri búin að vera styrktarfélagi í um 15 ár. Golfið er ágætt viðfangsefni og ekki síst þegar maður hættir af vinnu og það gefur líka mikið af sér. Þar á ég ekki síst við útiveruna og félagsskapinn. Svo eru líka forréttindi að hafa þessa fallegu náttúrusýn sem er í kringum golfvöllinn á Seltjarnarnesi. En nú ætla ég að taka þetta með trompi. Við erum heppin hjónin að vera bæði í þessu en ég held að það verði engin samkeppni á milli okkar þótt við séum ólík. Í golfinu er maður alltaf að keppa við sjálfan sig og ég held að það verði niðurstaðan hjá okkur. Ég er aldrei að spá í hvað hinir eru að gera á vellinum. Það er bara um að gera að þjálfa sig og bæta í golfinu sem öðru.“ Petrea segir að golfið tengist ferðamenskunni. Nú eru komnir golfvellir víða um land og á ferðalögum er hægt að spila á hinum og þessum stöðum. „Við spilum til dæmis á Þingeyri á liðnu sumri. Ókum Svalvogaveg eða Kjaransbraut eins og hún er gjarnan kölluð á leið vestur. Veginn sem Elís Kjaran gerði með litlu jarðýtunni utan í fjallshlíð á milli Keldudals í Dýrafirði og Stapadals í Arnarfirði. Ég ók. Þetta var hressilegur akstur á örmjóum og stórgrýttum vegi. En þarna er fallett,“ segir Petrea Ingibjörg Jónsdóttir sem hyggst leita á nýjar slóðir – á fleiri golfvelli að sumri.



Vottað réttinga- og málningarverkstaði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstaði vottað af Bílgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðtjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

**KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN**

Nýr kafli í sögu Seltjarnarness

Laugardaginn 21. september var rekinn endahnútur á mikið íþróttafrek á knattspyrnuvelliðinu við Suðurströnd. Meistaraflokkur Gróttu skipaður ungum leikmönnum stóð uppi sem sigurvegari í næst efstu deild og hafði þar með unnið keppnisrétt í efstu deild að ári. Það var mikil stemning á vellinum og um tvö þúsund áhorfendur voru mættir til að horfa á leikinn og styðja liðið. Liðið gat komist upp með jafntefli við Hauka en á endanum vannst frækilegur 4:0 sigur. Fyrir utan afrek þessa unga liðs sem hefur í allt sumar spilaði mjög skemmtilegan fótbolta verður þetta að teljast eitt mesta þjálfunarafrek seinni ára á landsvísi hjá Óskari Hrafn Þorvaldssyni og hans þjálfarateymi.

Mér varð hugsað 32 ár aftur í tímann þegar fjölskylda mín var nýflutt á Seltjarnarnes og ég dróst inn í starfsemi knattspyrnuvelliðar Gróttu. Synir mínir voru í fótboltanum og ég mætti á alla leiki. Kynntist þar fámennum hópi fólks sem stóð að starfsemi yngri flokkana og stórum hópi ungra stráka. Guðmundur Hannesson var formaður deildarinnar og allt í öllu og fagnaði mörkum með lúðrablastri. Sigurlaug Bjarnadóttir vann með honum í stjórn og síðan mér og svo voru



Steinn Jónsson, Magnús Örn Guðmundsson og Hilmar S. Sigurðsson.

nokkrir áhugasamir foreldrar. Það var góður hópur manna í meistaraflokki flestir fyrrverandi KR ingar. Aðstaðan var mjög takmörkuð, einn malarvöllur að vísu vel staðsettur og síðan kom grasvöllur á Valhúshæð ef völl skyldi kalla. Það var settur vegfehill á hæðina og síðan tyrft. Við

reyndum að gera það besta úr þessu. Við réðum góða þjálfara í yngri flokka starfið og lögðum mikið upp úr því. Mér eru minnstæðir menn eins og Lárus Grétarsson, Sverrir Herbertsson, Júlíus Júlíusson, Stefán Arnarson og Sigurður Helgason sem hugsuðu vel um þessa ungu stráka og vildu allt fyrir félagið gera.

Hlutirnir gerðust hratt, árið eftir að ég mætti á hliðarlínuna var ég kominn í stjórnina og næsta ár orðinn formaður. Hafði ekki ætlað mér það enda margt annað að gera en hreyfst með þessu starfi sem var að mörgu leyti gefandi. Sem formaður ber maður ábyrgð á allri starfseminni og verður að horfa heildstætt á málin. Mér er minnstætt samtal við Rögnvald Dofra Pétursson sem þá spilaði með meistaraflokki skömmu eftir að ég varð formaður. Hann sannfærði mig um að ef ekki væri öflugur meistaraflokkur hjá félaginu hefðu ungu strákarnir ekkert til að keppa að og mundu fara í önnur félög. Nábylið við KR og Val var erfitt og foreldrar jafnvel að keyra sína stráka á æfingar í þessum félögum. Ef við hefðum haft betri aðstöðu og alla fótboltastráka á Nesinu í Gróttu hefðum við verið í toppbaráttu í yngri flokkunum ár eftir ár. Það sem er eftirminnilegast eru kynnin við fjölda fólks og síðan frækilegir sigar.

GRÓTTA TIL HAMINGJU MEÐ SIGURINN Í INKASSO-DEILDINN



VIVALDI

áberandi

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

NESSKIP

errea
www.errea.is

Nesfréttir



BRIM
SEAFOOD

BJÖRNSEBAKARI
Sími: 561 1433

FLATBAKAN

Við komumst í úrslitakeppni 5. flokks 1990 í Hafnarfirði og unnum KR í 8 liða úrslitum. Það var stór stund. Eftir leikinn sagði Viðar Halldórsson við mig "þið eruð í bullandi séns að vinna mótið", en svo vann FH mótið ef ég man rétt.

Meistaraflokkur var kapituli út af fyrir sig. Langstærstur hluti af stuðningi bæjarstjórnar við félagið var í formi ókeypis aðstöðu bæði innan og utan húss sem var reiknað sem styrkur. Fjármálin og reksturinn voru alfarið á herðum okkar fámenna hóps í stjórninni. Þrátt fyrir þetta var markið sett hátt og við réðum Sæbjörn Guðmundsson sem var Seltirningur og hafði gert garðinn frægan hjá KR til að vera spilandi þjálfari í meistaraflokki. Aðstoðarmaðurinn var Sverrir Herbertsson sem hafði bæði spilað með KR, Víkingi og Gróttu og var mjög snjall leikmaður og leikstjórnandi. Hafði lært ýmislegt hjá Yuri Sedov rússneskum þjálfara Víkings. Sverrir var á þeim tíma einnig að þjálfar 4. flokk. Á fyrsta ári Sæbjörns og Sverris unnum við 4. deildina, spiluðum úrslitaleik á útveli við Víking Ólafsvík sem þá var með mjög sterkt lið, unnum 5-3 og flugum heim frá Rífi með bikarinn. Það var ógleymanlegt. Árið eftir höfðum við aftur styrkt liðið og litlu munaði að við færum aftur upp en það tókst ekki og varð mörgum mikil vonbrigði.

En allt tekur sinn tíma og sennilega vorum við ekki tilbúin til að takast á við stór verkefni bæði vegna aðstöðuleysis og fjárhagssjónarmiða. Þetta varð hins vegar byrjunin á umræðum um



að bæta yrði verulega aðstöðu fyrir knattspyrnu á Seltjarnarnesi. Við fengum í lið með okkur Guðmund Þorbjörnsson verkfræðing og fyrrum landsliðsmann úr Val og Dýra Guðmundsson sem hafði spilað hjá FH og Val og átti strák í yngri flokkunum. Við skiluðum skýrslu um málið til bæjarstjórnar sem gekk út á að skapa aðstöðu fyrir fótboltann þar sem malarvöllurinn var við íþróttamiðstöðina. Okkar niðurstaða var að lækka ætti yfirborð vallarins um 4 metra til að skapa skjól og leggja fullkominn grasvöll með undirlagi og drenage og síðan hálfan gervigrasvöll nær íþróttamiðstöðinni til vetraræfina. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að best sé að leika knattspyrnu á náttúrulegu grasi en gervigrasið hefur þróast mikið og er nú frambærilegt sem vallaryfirborð hér á landi. Nú er kominn topp gervigrasvöllur við Íþróttamiðstöðina og áhorfendastæði og aðstaða fyrir leikmenn. Þetta skapar alveg nýja umgjörð utan um

starfsemina en þarf auðvitað að bæta verulega þegar liðið er komið í efstu deild. Þeir sem hafa tekið við stjórnartaumum hafa unnið mikið starf og komið mörgu góðu til leiðar og ber þar hæst framlag Hilmars S. Sigurðsson sem var formaður knattspyrnudeildar í 16 ár. Ekki má gleyma þætti bæjarstjórnar sem hefur látið byggja boðlega vallaðstöðu fyrir félagið og árangurinn er í samræmi við það eins og alltaf var ljóst að gæti orðið. Í heild á ég góðar endurminningar frá þessum árum en þetta var erfitt og eftir 7 ár var ég búinn að fá nóg og allir í kringum mig líka.

Á leið minni á leikinn laugardaginn 21. september hitti ég fyrrum samstarfskonu Örnú Einarsdóttur hjúkrunarfræðing sem á strák í liðinu. Í okkar samtali sagði hún mér nokkuð sem gladdi mig mikið að heyra "það er svo mikið hjarta í þessu félagi". Að heyra foreldri segja þetta segir mikla sögu. Þegar komið er "mikið hjarta" í félag sem hefur eignast meistaraflokk í þessum gæðaflokki sem hefur unnist upp í gegnum yngri flokka og dregur 2000 manns á úrslitaleik er mikið unnið og framtíðin björt. Nú er einnig öflug kvennaknattspyrna hjá Gróttu og meistaraflokkur kvenna vann sig einnig upp um deild og er í mikilli sókn. Hlúum að þessari starfsemi sem er mikilvæg fyrir okkar yngra fólk og allt mannlífið á Seltjarnarnesi. Það er í okkar höndum.

Steinn Jónsson, læknir

B- COMPLEX spíruð kínóafrae

B1, B2, B3, B5, B6, B9 og B12
biotin, niacin og fólínsýra



Hæsta magn af B vítamínum sem fyrirfinnst er í spíruðum kínóafraejum. Lífræn B- vítamínin í blöndunni vinna saman og efla virkni hvors annars. Einstök patent skráð formúla úr hágæða ræktuðum kínóafraejum.

STUÐLAR AÐ KJÖRÞYNGD aukakílóin burt

Styður lifrarením sem eru nauðsynleg
fyrir efnaskipti fitu í lifrinni



Klinískar
rannsóknir

Rannsóknir sýna að óeðlileg meltingarflóra getur valdið þyngdaraukningu sem erfitt er að losna við. Hin einstaka blanda stuðlar að því að koma á heilbrigðri meltingarflóru og því að fita er brotin niður í lifrinni og notuð sem orka í staðin fyrir að verða að fituforða. Kemur á blóðsykursjafnvægi.



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS



Ægissíðu 121 / 107 Reykjavík
sími 5515995 / celsus.is

Fæst í Lyfju, einkaapótekum, Græn heilsa og Heilsuhúsinu, nánari upplýsingar og netsala www.celsus.is

MEIRI GÆÐI. EKKERT AUKA.



Allskonar safarikir grautar.



Möntruhringir/hálsmen/bönd.



Tunguskafa er 2 x mikilvægari en tannbursti. Litir fyrir alla fjölskylduna.



Jógavörur í úrvali.



Vertu glöð/glaður í vetur.



Einu hártreygjurnar í heiminu án plast.



Þar sem andinn býr í efninu.



Hautlítmir frá Nailberry eru vegan og vænir.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Septembermánuður fór vel af stað í félagsstarfinu. Góð skráning og þátttaka í bæði föstum liðum og öðrum viðburðum.

Ferðin í Grasagarðinn í byrjun september var bæði fróðleg og skemmtileg. Mikil veðurblíða og garðurinn skartaði sínu fegursta. Boðið var upp á leiðsögn og veitingar á eftir í Café Flóru.

20. september var svo farin ferð í Þjóðleikhúsið að sjá óperuna Brúðkaup Fígarós. 35 manna hópur fór saman í rútu. Það er skemmt frá því að segja að allir skemmtu sér konunglega og einróma álit, frábær sýning.

Fimmtudaginn 26. september var svo haustfagnaður í salnum á Skólabraut. Fagnaðurinn var vel sóttur. Skemmtiatriði kvöldsins var Tindatrióið sem skemmti með söng og sprelli við góðar undirtektir. Allir skemmtu sér konunglega. Góð samverustund, dans, söngur og góðar veitingar.

Mánudaginn 30. september gerðu nokkrar leir og handverkskonur sér ferð á Akranes. Tilgangur ferðarinnar var að skoða leirverkstæði og bara njóta, sem svo sannanlega var gert.

Þriðjudaginn 1. október var ferð dagsins á Kjarvalsstaði. Tilefnið var að sjá þrjár myndlistarsýningar sem þar eru í gangi. Listamennirnir eru Kjarval, Sölvi Helgason og William Morris. Góð leiðsögn var um sýningarnar. Eftir skoðunarferðina biðu okkar gómsætar veitingar. Allir nutu dagsins, áhugaverðar sýningar, fallett veður og umhverfi.

“ÓVISSUFERÐ” FLÚÐIR OG HRUNI

ATH. Þriðjudaginn 29. október stóð til að félagsstarfið og kirkjan færu í sameiginlega ferð. Ferðinni er frestað um tvo daga þ.e. til fimmtudagsins 31. október. Þann dag ætlum við að heimsækja Flúðir. Þar verður boðið upp á fræðslu ýmis konar, sælkerahlaðborð á Farmers Bistro og skoðunarferð um Flúðasveppi. Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur leiðsegir um Flúðasvæðið og heimsóknin endar í Hruna. Á heimleiðinni verður skálað á Hakinu á Þingvöllum. Farið verður frá Skólabraut kl. 10.30 og áætlaður heimkomutími er um kl. 16.00. Verð kr. 6.500. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut, Eiðismýri og í kirkjunni.

Að öðru leiti er hefðbundin dagskrá í gangi skv. dagskrárblaðinu. Föstu liðirnir á sínum stað og alltaf eitthvað um að vera alla virka daga. Hvetjum fólk til að kíkja við á Skólabrautinni en þar er aðal aðstaða félagsstarfsins, vera í sambandi, taka þátt og/ eða viðra hugmyndir að dagskrá. Þegar hafa borist áskoranir varðandi dansnámskeið og snjallsímanámskeið og er verið að skoða hvoru tveggja.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraradila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirki ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Lykilatriði notendamiðaðrar hönnunar

Er að setja sig í spor barnanna

Í janúar á þessu ári samþykkti skólanefnd Seltjarnarness að hefja endurskoðun á skólastefnu bæjarins. Hennar bíður ekki auðvelt verk, talið er að 85% þeirra starfa sem standa munu útskrifanum til boða árið 2030 hafi ekki enn verið fundin upp. Verkefni nefndarinnar er því að búa til stefnu sem undirbýr börnin okkar undir framtíð, sem við eigum flest erfitt með að ímynda okkur hvernig líta mun út, en er samt svo skammt undan!

Hvernig þarf þessi pólitíska stefnumótun að fara fram svo í henni geti falist kerfisleg nýsköpun? Hvaða leiðarljós ætti að hafa við mótun og hönnun þjónustu sem skóli er? Hvaða gögn eigum við til hagnýtingar í ferlinu? Upp að hvaða marki getum við látið reyna á regluverkið og aðrar hindranir í hinu opinbera umhverfi til að vinna nýjar lausnir á þróun í skólustarfi?

1001 sérfræðingur í skólamálu!

Skólinn er sú stofnun sem við eigum í hvað mestri snertingu við um ævina fyrst sem nemendur, svo foreldrar. Við, auk kennara og skólastjóra höfum öll sterka skoðun á því hvernig skólasamfélagið þarf að þróast þannig að gæði skólustarfsins verði sem mest. Byggt á reynslu okkar og þekkingu vitum við hvað þarf svo búa megi börnin okkar undir það að verða virkir fyrirmyndabátttakendur í samfélaginu.

Áhersla á nýsköpun á vettvangi hins opinbera kallar hinsvegar á að við tileinkum okkar aðrar aðferðir en tíðkast hefur við þjónustuhönnun, heildræna aðferðafræði nýsköpunar sem leiðir af sér nýjar eða umtalsverðar breytingar á kennslu og annarri þjónustu, ferlum, skipulagi eða því hvernig skólastofnunin á samskipti við nemendur og foreldra.

Betri lausnir í opinberri þjónustu með samsköpun

Með því að leita út fyrir rammann getur skólinn sem opinber þjónustustofnun nýtt sér utanaðakomandi þekkingu og auðlindir sem gerir henni kleift að vera betur í stakk búin að mæta áskorunum framtíðarinnar. Samsköpun (e. co-creation) er nálgun sem búin er að vera mikið í deiglu í nágrenni, en hugtakið er lítt þekkt hér á landi.

Í stuttu máli felur þessi aðferðafræði í sér að komið er á samstarfi milli einstaklinga, félagssamtaka, (sprotta)fyrirtækja og fleiri hagsmunaaðila sem vinna á jafnréttisgrundvelli með opinberum aðilum að því að kryfja úrlausnarefni og innleiða nýjar og betri leiðir til að leysa þau. Leiðirnar geta falið í sér frekara samstarf og verið fólgnar í því að einstaklingar eða félagasamtök taka að sér að sjá um ákveðna þjónustubætti fyrir hið opinbera. Og nei, það snýst ekki um að útvista kennslu eða einkavæða skólann!



Karen María Jónsdóttir.

Börnin lykilaðilar í mótun skólastefnu

Áhersla á nýsköpun í opinberri þjónustu felur líka í sér viðurkenningu á því að notendur þjónustu hafi, vegna eigin reynslu, einstaka innsýn í það sem virkar í þjónustuveitingu og mikilvægi þess að nýta þá reynslu til að hafa áhrif á verklag og bæta þjónustu. Aðferðafræði notendamiðaðrar hönnunar (e. design thinking) gerir ráð fyrir að skoða þurfi alla þjónustu út frá notandanum, sem í þessu tilfelli eru börnin.

Lykilatriði notendamiðaðrar hönnunar er að setja sig í spor barnanna, greina raunverulega upplifun þeirra og þarfir og loks leysa sársaukapunkta þeirra á skapandi máta í þverfaglegri samvinnu fagfólks. Hægt er að nýta sjónræna uppgötvunarspretti sem nálgun til að eiga í virku samráði við börnin við útfærslu stefnunnar svo hún taki tillit til þarfa þeirra og aðstæðna.

Einhverjir kunna nú að ó-a og æj-a yfir þeirri hugmynd að spyrja börnin hvað þeim finnst. Hvað ef leikskólabörnin skyldu biðja um suðurströnd í stökk frá gatnamótum Nesveggar að Gróttuvelli, svo búa megi til grænt og öruggt leik-íþrótt-fjölskyldu-svæði? Hvað ef börnin í Mýró biðja um að tækni verði undirstaða allrar kennslu? Eða unglingarnir í Való að skólinn verði umhverfisvænn með öllu svo þeir geti lifað hugmyndina um bjartari framtíð? Og hengirúm, Fatboy og kósihorn í allar skólastofur og ganga til að draga úr streitu er það ekki óf langt gengið?

Samfylkingin til forystu

Íbúalýðræði er ekki bara fyrir 18 ára og eldri. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að börn eigi rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra. Samfylkingin hefur þegar lagt til að börnin sem megin notendur þjónustunnar í grunnskóla Seltjarnarness verði virkir sköpunaraðilar nýrrar stefnu.

Karen María Jónsdóttir er varabæjarfulltrúi og skipar 4. sætið á lista Samfylkingar Seltíninga.

HÚSNÆÐI TIL LEIGU

Atvinnu/verslunarhúsnæði við Austurströnd til leigu frá 1. jan 2020, 92 ferm.

Innkeyrsluhurð, stórir gluggar, hentar vel fyrir skrifstofur og innflutning.

Upplýsingar í síma 896 8554

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA






Sv. Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristin Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



NÝTT S LEIÐANET

Strætó mun halda opið hús um Nýtt leiðanet á Háskólatorgi, þriðjudaginn 29. október kl. 12.00-14.00 og 16.00-18.00.

Við hvetjum alla áhugasama um samgöngumál að kíkja við og spjalla við starfsfólk Strætó um framtíð almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu.



Ágúst nýr þjálfari meistaraflokks karla



Það er mikið gleðiefni fyrir knattspyrnudeild Gróttu að hafa í dag gengið frá samningi við nýtt þjálfarateymi fyrir meistaraflokk karla. Ágúst Þór Gylfason verður aðalþjálfari með Guðmund Steinarsson sér við hlið sem aðstoðarþjálfari. Báðir semja þeir til næstu þriggja ára.

Ágúst Þór Gylfason hefur sannað sig sem þjálfari í hæsta gæðaflokki og hefur verið afar farsæll á sínum þjálfaraferli. Ágúst var aðstoðarþjálfari Fjölnis 2010-2012 áður en hann tók við liðinu sem aðalþjálfari árin 2013-2017. Undanfarin 2 ár stýrði Ágúst liði Breiðabliks sem endaði bæði árin í öðru sæti í Pepsi Max deildinni auk þess sem Breiðablik lék til úrslita í Mjólkurbikarnum í fyrra. Ágúst spilaði 195 leiki í efstu deild með Val, KR, Fram og Fjölni ásamt því að spila sem atvinnumaður hjá Brann í Noregi og svissneska liðinu Solothurn. Ágúst lék 6 A-landsleiki og 13 U-21 landsleiki.

Guðmundur Steinarsson hefur verið aðstoðarþjálfari Ágústar hjá Breiðablik undanfarin 2 ár en hann þjálfaði lið Njarðvíkur árin 2014-2016. Guðmundur spilaði 255 leiki í efstu deild með Keflavík og Fram auk þess að spila sem atvinnumaður hjá Brönshøj í Danmörku og Vaduz frá Liechtenstein í efstu deild í Sviss. Guðmundur er bæði leikja- og markahæsti leikmaður Keflavíkur í efstu deild með 244 leiki og 81 mark. Guðmundur lék 3 A-landsleiki og 13 leiki með yngri landsliðum Íslands.

Þetta markar nýtt upphaf í starfi meistaraflokks karla. Framundan er spennandi ævintýri fyrir alla sem koma að starfi félagsins og stórt tækifæri til að efla leikmenn meistaraflokks karla, styrkja innviði deildarinnar og lyfta félaginu í heild sinni.

1X2

GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Í annað sæti Íslandsmótsins

B-lið 3. flokks kvenna endaði í 2. sæti í Íslandsmóttinu eftir naumt tap í vítaspyrnukeppni í úrslitaleiknum.

Leikið var gegn Stjörnunni/Álftanes og undir leikslok var staðan 1-1, eftir að Emelía Óskarsdóttir skoraði fyrir Gróttu/KR. Þá var framlengt og komust gestirnir yfir en Tinna Brá jafnaði fyrir heimakonur. Staðan var 2-2 undir lok framlengingar og haldið var í vítaspyrnukeppni þar sem gestirnir höfðu betur og stelpurnar þurftu því að setta sig við silfrið í þetta skiptið. Engu að síður frábær árangur og óskum við stelpunum innilega til hamingju með 2. sætið. Myndina tók Margrét Kristín Jónsdóttir.



2. flokkur kvenna í 3. sæti Íslandsmótsins

2. flokkur kvenna lauk nýverið keppni í Íslandsmóttinu og enduðu þær í 3. sæti mótsins.

Stelpurnar spiluðu 14 leiki og unnu 10 þeirra og enduðu með 30 stig, líkt og FH sem var í 2. sæti en Hafnfirðingarnir voru með betri markatölu. Þrátt fyrir að hafa ekki æft mikið saman þar sem leikmennirnir æfðu flestir í sitthvorum lagi með meistaraflokkum Gróttu og KR, þá gekk sumarið mjög vel hjá stelpunum. Við óskum stelpunum til hamingju með þennan glæsta árangur.



Tveir bikarar á fyrsta móti

Handboltaárið er hafið og voru fyrstu mót haustsins haldin núna í byrjun október.

Eldra árið í 6. flokki karla og kvenna lagði land undir fót og var förlinn heitið á Akureyri. Gróttu tefldi fram fjórum liðum sem öllum gekk mjög vel og var leikgleðin í fyrirrúmi.

Tveir bikarar komu í hús á þessu fyrsta gistimóti ársins og óskum við liðunum til hamingju með þennan árangur. Eldra árið í 5. flokki karla og kvenna áttu að spila í Vestmannaeyjum en móttinu var frestað vegna veðurs fram til byrjun nóvember. Yngra árið í báðum þessum flokkum léku á mótum helgina á eftir við góðan orðstír. Þá hefur 7. flokkur kvenna og karla einnig keppt á fyrsta móti vetrarins og stóðu liðin sig öll vel.



Hákon Rafn varði glæsilega í marki U19 landsliðsins

Hákon Rafn Valdimarsson var valinn til að taka þátt í tveimur æfingarleikjum gegn Finnlandi og Svíþjóð með U19 ára landsliðinu. Leikirnir fóru fram í Finnlandi 9. og 11. október.

Ísland keppti fyrst gegn Finnlandi þar sem Ísland vann 1-0. Síðari leikurinn var gegn Svíum þar sem Ísland komst 1-0 yfir og Svíar jöfnuðu leikinn í síðari hálfleik, og hefðu síðan getað skorað sigurmarkið í uppbótatíma, en Hákon Rafn Valdimarsson varði tvisvar glæsilega í marki Íslands. Farið var í vítakeppni þar sem Ísland bar sigur af hólmi eftir að Hákon varði tvívegis



Grímur Ingi og Orri Steinn með U17 ára landsliðinu

Gróttumennirnir Grímur Ingi Jakobsson og Orri Steinn Óskarsson eru í hóp U17 ára landsliðsins sem tekur þátt í undankeppni EM 2020.

Ísland er þar í riðli með Skotlandi, Króatíu og Armeníu og er leikið í Skotlandi dagana 22.-28. október. Drengirnir voru í æfingahóp U17 ára landsliðsins sem æfði saman í byrjun október og komust áfram í lokahópinn.



Bleik sýning hjá Handverki og hönnun

Nú stendur yfir bleik sýning á hönnun á Eiðistorgi. Undanfarin ár hefur októbermánuður verið tileinkaður baráttu gegn krabbameini hjá konum og hefur bleiki liturinn verið einkennislitur mánaðarins. Að þessu tilefni hefur verið opnuð bleik sýning í húsnæði Handverks og hönnunar á Eiðistorgi. Sýningarmunir eru fjölbreyttir en eiga það allir sameiginlegt að vera bleikir.

Óskað var eftir munum á sýninguna og var bleiki liturinn eina skilyrðið. Tuttugu og fjórir listamenn og hönnuðir eiga verk á sýningunni, en þeir eru: Arndís Jóhannsdóttir, Bjarni Sigurðsson, DayNew (Dagný Gylfadóttir), Dóra Emils, Guðrún Halldórsdóttir, Guðrún Kolbeins, Halla Ásgeirsdóttir, Helga Pálína Brynjólfssdóttir, Hjartalag (Hulda Ólafsdóttir), Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir, Ingunn Erna, Margrét Guðnadóttir, Kristín Sigfríður Garðarsdóttir, Olga Bergljót, Ragna Ingimundardóttir, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Sigurborg Stefánsdóttir, Jóna Sigríður Jónsdóttir, Sigríður Ágústsdóttir, Svafa Björg Einarsdóttir, USart/design (Unnur Sæmundsdóttir), Úlfar Sveinbjörnsson, Þórdís Baldursdóttir og Þórdís Sigfúsdóttir.

Sýningin er opin alla virka daga kl. 9.00 til 16.00 út október.



Verk eftir Ingunni Ernu og Jónu Sigríði Jónsdóttur á bleiku sýningunni á Eiðistorgi.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Orri Steinn Óskarsson einn allra efnilegasti knattspyrnumaður landsins. Orri skoraði fyrsta mark Gróttu er liðið lagði Hauka í lokaumferðinni í Inkasso-deildinni og vann Gróttta þar með deildina og sæti í Pepsi Max deildinni að ári. Orri gerði á dögnum samning við FCK Kaupmannahöfn og mun hann fara út næsta sumar. Hann hefur einnig verið feikiöflugur með yngri landsliðum Íslands í knattspyrnu.

Fullt nafn? Orri Steinn Óskarsson.

Fæðingard. og ár? 29. ágúst 2004.

Starf? Námsmaður.

Farartæki? Hjól og strætó eru helstu farartæki.

Eftirlætis matur? Nautakjöt með extra bernaise (mikilvægt).

Eftirlætis tónlist? Elska techno.

Eftirlætis íþróttamaður?

Oliver McBurnie, Daniel Sturridge og Grímur Ingi Jakobsson.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Gossip girl.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Las einu sinni ævisögu Lionel Messi á ensku, mögnuð bók

Uppáhalds leikari? Cristiano Ronaldo og Neil Patrick Harris.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Antoine Griezman making of a legend.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Æfi aukalega fótbolta, spila Fifa og er með vinum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Selfoss, án efa.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Ást, hlýja og hreinskilni.



Hvern vildir þú helst hitta? Myndi ekki hata að hitta Daniel Sturridge.

Uppáhalds vefsíða? fotbolti.net

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Powerade og Oreo frá mömmu bestu.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Myndi bjóða vinunum í sturlaða utanlandsferð, kaupa Fifa points og spara rest.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Setja úðarakerfi undir Vivaldivöllinn og slaka á restina af deginum.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að halda áfram að bæta mig á hverjum degi í fótboltanum og ná stærri og stærri áföngum með árunum.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Pakkaði saman Inkasso deildinni með vinum mínum í Gróttu, fór á Norðurlandamótið með U-17 landsliðinu og eyddi tíma með vinum og nánustu.

www.systrasamlagid.is

HÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu bjart og snyrtilegt 16 fermetra vinnuherbergi á jarðhæð að Austurströnd 4.

Sameiginlegur inngangur og sameiginlegur eldhúskrókur og salernisaðstaða er í rýminu. Óskað er eftir einstaklingi í rólegum rekstri. Laust frá 1. nóv.

Allar nánari upplýsingar veitir Rán Bjargardóttir í síma 699-2002 eða á ranbjargar@gmail.com

Kæri nágranni - við þjónum þínu hverfi

Fáðu aðstoð fagmanna okkar við dekkjaskipti og ráðgjöf við val á nýjum dekkjum.



GS1 - 5

G3S - ICE

Snowprox S 953

Óneglanleg - fólksbílar og jeplingar/jeppar
Toyo harðskeljadekk eru einstök við íslenskar aðstæður.

Neglanleg - fólksbílar og jeplingar/jeppar
Byltingakennd nýjung frá Toyo. Neglanlegt harðskeljadekk.

Óneglanleg - fólksbílar og jeplingar
Vetrardekk sem býður uppá mjög gott grip, frábæra aksturseginnleika og þægindi í akstri.

Winter Ice Zero

Cinturato Winter

Scorpion Winter

Negld - fólksbílar og jeplingar
Sérhönnuð nagladekkfyrir akstur við erfiðustu vetraraðstæður, glæra hálfu og ísingu.

Óneglanleg - fólksbílar og jeplingar
Hönnuð fyrir ískalda og hála vetrarvegi með öryggi og frábæra aksturseginnleika í fyrirrúmi.

Óneglanleg - jeplingar/jeppar
Sérstaklega hannað óneglanlegt vetrardekk fyrir jeppa og jeplinga.

G-force Stud

G-force Winter 2

A/T KO2

Negld - fólksbílar og jeplingar
Tryggja fullkomna aksturseginnleika við allar aðstæður og veðurskilyrði.

Óneglanleg - fólksbílar og jeplingar
Frábær vetrardekk án nagla og um leið eitt hentugasta heilsársdekkíð á markaðnum.

Fyrir jeppa
Áratugalöng reynsla erlendis og á Íslandi. Dekk sem er hægt að nota árið um kring.

M/T KM2

M/T KM3

Arctic NP3 / NS3

Fyrir jeppa
Öflug og endingargóð með munsturkubbum sem ná út yfir axlarsvæði og niður á hliðar.

Fyrir jeppa
Nýjung frá einum þekktasta framleiðanda í heimi. Öflug dekk til heilsársnotkunar.

Negld - fólksbílar og jeplingar
Grípa einstaklega vel á ís og hreinsa sig vel í vetrarfærðinni. Góð dekk á mjög góðu verði.

Presa Spike

Winter Claw MX

Wintersafe

Negld - sendibílar
Gríðalega sterk og áreiðanleg dekk með hörku vetrarmunstri.

Neglanleg - fólksbílar og jeplingar
Örugg og ódýr vetrardekk. Mikill fjöldi flipa tryggja frábært grip á hálum vetrarvegum.

Óneglanleg - fólksbílar
Hannað með nútíma flípamunstri með góðu grip í snjó og hálfu.